

greidd einhver þóknun fyrir ómak sitt, hefur sú venja myndast, að minnsta kosti í suð- 81
 uramtinu og vesturamtinu, að greiða fyrir endurbólusetningu helming þeirrar borgunar, 18. júní.
 sem eptir ofanefndu konungsbrjefi frá 1830 á að greiðast fyrir bólusetningu í fyrsta
 sinn, en þarð bólan kemur miklu sjaldnar út á þeim, sem eru endurbólusettir, og ó-
 makslaunin fyrir endurbólusetninguna þessvegna opt mundu verða næsta lítil, ef þessi
 lága borgun væri bundin því skilyrði, að bólan kæmi út, hefur að vísu stundum verið
 veitt borgun fyrir endurbólusetningu, án tillits til þess, hvort bólan hefur komið út eða
 ekki, en hitt sýnist þó vera hið eðlilegasta í sjálfu sjer, að skilyrðið fyrir borguninni sje
 hið sama, hvort sem er að ræða um endurbólusetningu eða bólusetningu í fyrsta sinn.

Jeg finn því eptir atvikum ekki næga ástæðu til að breyta hinum ofan um-
 getna úrskurði yðar, og skal jeg þjónustusamlega skora á yður að tilkynna kærandanum
 þessi úrslit málsins.

Brjef landshöfðingja til landlæknisins um heimild smáskamtalækna til lyfja- 82
 verzlunar. — Í þóknanlegu brjefi, dags. 20. þ. m., hafið þjer, herra landlæknir, eptir 21. júní.
 beiðni hjeraðslæknisins í 9. læknishjeraði, gjört fyrirspurn til mín um það, hvort skottu-
 læknar, er nefna sig smáskamtalækna, hafi heimild til að reka nokkra lyfjaverzlun á
 Íslandi.

Útaf þessu læt jeg ekki hjálða að gefa yður til vitundar, að eins og yður mun
 vera kunnugt hafa apotekararnir einkaleyfi til meðalaverzlunar, og að það er vitaskuld,
 að skottulæknar ekki hafa heimild til að brjóta á móti þessu einkaleyfi, þótt þeir kalli
 sig smáskamtalækna.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um hallærislán. — 83
 Með þessu brjefi veitti landshöfðingi Skagafjarðarsýslu 1000 kr. lán úr viðlagasjóði til 25. júní.
 að afstýra hallæri í sýslunni, en amtsráðið hafði áður veitt samþykki sitt til lántöku
 þessarar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu um lán 84
 handa Strandasýslu til að kaupa fyrir þjargræðisgripi. — Með þessu brjefi veitti 2. júlí.
 landshöfðingi Strandasýslu 6000 kr. lán úr viðlagasjóði til að kaupa fyrir þjargræðisgripi
 handa þurfandi sýslubúum, en amtsráðið í vesturamtinu hafði á fundi sínum 18. og 19.
 júní samþykkt lántöku þessa.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um með- 85
 ferð á eptirskildum fjármunum strókumanns. — Í þóknanlegu brjefi frá 6. febr. þ. á., 8. júlí.
 hafið þjer, herra amtmaður, í tilefni af hvarfi Hjartar nokkurs Jónssonar úr Saurbæjar-
 hreppi í Eyjafjarðarsýslu, borið upp þá fyrirspurn, hvernig framvegis skuli farið með
 þær eignir þessa manns, sem hann hefur skilið eptir, og hvort nokkuð geti verið því
 til fyrirstöðu, að farið verði í þessu tilfelli eptir 6. og 7. gr. í tilsk. 11. sept. 1839,
 þótt lagaboð þetta sje eigi lögleitt á Íslandi.

85 Útaf þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið, að nauðsyn-
8. júl. legt er, að sú regla, sem viðhöfð verður í þessu tilfelli, sje miðuð við lagaskipun þá, sem er hjer á landi, en einsog ráðgjafinn hefur álitíð í líku tilfelli (sbr. Stjórnartíð. 1881 B. bls, 52) eru það reglurnar um meðferð á ómyndugra fje, sem næst liggur að beita í þessu tilfelli, og ber þessvegna að skipa fjárhaldsmann yfir fje því, er ofannefndur Hjörtur hefur látið eptir sig hjer á landi, og fjárhaldsmaður þessi að standa undir tilsjón hlutaðeigandi yfirfjárráðanda á sama hátt og fjárhaldsmenn ómyndugra. Þetta fjárhald á síðan að standa þangaðtil annaðhvort eigandi fjármuna þeirra, er hjer ræðir um, kemur aptur fram, eða eignir hans, samkvæmt konungsbrjefi 9. nóv. 1825, mega renna til erfingja hans eða í landssjóð.

86 Gjafabrjef ekkjunnar Þórunnar Sveinsdóttur á Eyjum, sem dó haustið 1882, til fátækra í Breiðdalshreppi, dags. 29. septbr. 1867. — Það mjer undirskrifaðri og manninum mínum, Sigurði sál. Jónssyni, varð ekki lífserfingja auðið, höfðum við sameiginlega ásett, að gefa nokkurn part af eignum okkar fátækum, en þó þetta væri ekki framkvæmt áður en hann andaðist, þá gjöri jeg nú með brjefi þessu vitanlegt, að jeg gef fátækum í Breiðdalshreppi eptir minn dag 500 rbd. (fimmhundrað ríkisdali) í konunglegu skuldabryfi óuppsegjanlegu Litr. A. Nr. 13189 með 4ra ríkisdala leigu af 100 árlega, með því skilyrði, að vextir af skuldabryfi þessu sjeu árlega brúkaðir til útbýtingar og styrktar einum eða fleirum þeim þurftugustu og verðugustu af búendum hreppsins, sem sje undir álití sveitarstjórnarinnar, þó sje þetta óviðkomandi jafnaðarreikningum hreppsins, en standi undir yfirumsjón amtmannsins í norður- og austurumdæminu, og sje vöxtunum árlega útbýtt með hans samþykki. Sjeu engir þeir í hreppnum eitt eða fleiri ár, sem nauðsynlega þurfa aðstoðar við, skulu vextirnir geymdir hjá hreppstjóranum og útbýttast síðan nær þörf gjörist uppá sama máta og áður er ákveðið. Skuldabryf þetta skal ætíð vera geymt hjá sveitarstjórunum og skulu þeir annast um, að fá árlega vextina og útbýta þeim sanngjarnlega.

Hvorki má skuldabryf þetta seljast, veðsetjast eða með nokkru móti afhendast öðrum, heldur sje það eptir minn dag æfinleg eign fátækra búenda í Breiðdalshreppi eptir þessum fyrirmælum mínum.

Þessu til staðfestu mitt undirskrifað nafn.

Eyjum þann 29. september 1867.

Þórunn Sveinsdóttir.

Í viðurvist undirskrifaðra votta hefur madama Þórunn Sveinsdóttir kannast við, að hún hafi undirskrifað framanskriafað gjafabrjef, og lýst því yfir, að það væri einlægur vilji hennar að gjöfin stæði óbrygðul eptir sinn dag, og var hún þá með fullri rænu og skynsemi.

þetta viljum við staðfesta með eiði hvenær sem krafizt verður.

Eyjum þann 29. september 1867.

Vottar:

J. Árnason, S. Björgólfsson.